

3.8. Í norðannæðingi lögðu leið sína í matjurtagarðinn, karlinn og unga konan, sem fyrir nokkrum dögum hjálpaði honum að vökva. Karlinum fannst þau eiga inni fyrir vasklega framgöngu við vökvunina. Kippt var upp stærstu rófunni sem fannst, en hún mun vera ein af þeim stærstu sem vaxið hafa í garðinum. Einnig var kippt upp tveimur gulrótum, en þær voru fremur smáar. Litið var á rifbsið í leiðinni. Mál var að tína berin, þau voru að mestu orðin rauð, en smá. Farið var með góðgætið heim í eldhús og hreinsað og skorið niður í bita. Nokkrir fengu að bragða á og könnuðust allir við gamla góða rófnabragðið.

15.8. Allhvass norðaustan, léttskýjað og fremur kalt. Ekki mátti bíða lengur að tína rifsberin, þau voru að mestu orðin rauð, en smá. Árla dags hófu iðjuþjálfunarkonur að tína ber og fengu einhvern liðsstyrk. Tínd voru 5.36 kg. af berjum, sem flutt voru heim í hús og látin í kæli til geymslu. Eftirtekt vakti að á laufum rifsins voru smá pöddur, gráar að lit, vængjaðar og flugu á milli laufblaða. Grunur leikur á, að þessar pöddur hafi valdið skemmdum á laufblöðum rifsins, sem hafi svo dregið úr vexti berjanna. Þarna væri rannsóknarefni fyrir sérfræðinga.

20.8. Um tvöleytið komu saman í kaffiteríunni iðjuþjálfunarkonur ásamt fleiri konum, til þess að vinna úr rifsberjunum. Forvitnin dró karlinn á staðinn. Hann vildi fylgjast með því sem gerðist. Þegar berin höfðu verið hreinsuð, var búið til hlaup, úr miklum hluta þeirra. Minni hlutinn var látinn í gerjun og á afurðin að heita Rósalind. Hildur hafði áður tínt um 500 grömm af bláberjum og voru þau einnig látin í gerjun. Sú afurð fær nafnið Stjáni blái. Gert er ráð fyrir að afurðirnar verði tilbúnar til neyslu nokkru fyrir jól.

23. 8. Frá eldhúsinu kom beiðni um rófur úr garðinum til að nota í kvöldsúpuna. Fljótlega var orðið við þeirri beiðni og voru rófur teknar upp úr hálfu beðinu og fluttar heim í eldhús. Um kvöldið höfðu menn orð á að súpan væri óvenjulega bragðgóð.

12.9. Litið á sólberjaplöntuna, sem er illa farin. Aðeins fá lauf eru ennþá á plöntunni. Flestar greinarnar berar og líta út eins og kalnar. Þarna virðist vera á ferðinni eitthvað áþekkt því sem er á rifsinu.

18.9. Norðangolan var fremur svöl, þegar karlinn og Hildur Þráinsdóttir fóru út í garð, að sækja síðustu rófurnar. Þau urðu fyrir vonbrigðum því aðeins reyndust þrjár rófur ósottar í garðinum, en þó vel vaxnar og álitlegar. Viðurnefnið Yfirrófuhnuplari var karlinn búinn að fá, en ekki var ætlunin að stela rófu í þetta sinn, heldur var farið með rófurnar, ásamt nokkrum vænum gulrótum heim í eldhús. Í eldhúsinu voru rófurnar vegnar og reyndust þessar þrjár vega samtals 5,62kg., en sú stæsta 2,76kg. Uppskeran var svo höfð með í matinn í Sóltúni næsta dag og þótti hið besta meðlæti. Í garðinum var töluvert af þroskuðum gulrótum og kartöflurnar voru óuppteknar.

24.9. Ákveðið hafði verið að taka upp kartöflurnar þennan dag. Sú ákvörðun var tekin vegna þess að vinir okkar, krakkarnir í Laugarnesskóla, sem verið hafa með okkur við kartöfluvinnuna undanfarið, gátu ekki komið á öðrum tíma. Þrátt fyrir kaldan og hvassan norðanvind, var hafist handa um ellefuleytið og lokið að taka upp kartöflurnar og einnig voru síðustu gulræturnar teknar upp. Þótt krakkarnir vildu ekki viðurkenna, hlýtur þeim að hafa verið kalt, enda voru sum þeirra ekki nógu hlýlega klædd. Að verki loknu var safnast saman í garðskálanum þar sem útbýtt var heitu kakói. Að endingu fengu krakkarnir, hver og einn, nokkrar kartöflur og eina gulrót í plastpoka með sér heim. Alls vó kartöfluuppskeran 53kg. sem er tíföld uppskera, miðað við útsæðið, sem vó 5 kg. Útsæði var tekið frá, 5 kg. eins og venjulega. Því miður bar mikið á hinum leiða kláða á kartöflunum líkt og gert hefur vart við sig hérna tvívegis áður. Varla er hægt að bera kartöflurnar á borð, án þess að taka híðið af þeim áður sökum þessa. Gulræturnar, með allt sitt vítamín og hollu næringarefni vó 6 kg. Vonandi gera gulræturnar sama gagn og Sóltúnseplin góðu, en þau höfðu sama eðli og lðunnareplin forðum. Í þetta sinn bar eplatréd engan ávöxt.

Skráð af Sigurjóni Guðnasyni, ritara gróðurhópsins

## FRÉTTIR ÚR SÓLTÚNI

07.04.2008

Í ÞESSU TÖLUBLAÐI

VORFAGNAÐUR 1  
ÍBÚAGRÓÐUR-  
FRÉTTIR 2GRÓÐUR-  
FRÉTTIR 3GRÓÐUR-  
RÉTTIR 4

### Vorfagnaður íbúa verður haldinn 17.apríl 2008

Fordrykkur borinn fram í miðju hússins á hverri hæð kl. 18



VOR í glasi með kokteilbitum

Kvöldveður borinn fram í borðstofum í hverju sambýli.

Aðalréttur

*Þúrtvínslegið lambafille, dijonsósa, léttsteikt grænmeti á saltbeði og kartöfluturn*

Eftirréttur

*Karamellu- súkkulaðipíramídi*

*„68 kynslóðin“ þau Ragnheiður Hauksdóttir og Kristinn Valdimarsson syngja og skemmta í samkomusal kl. 19:30*

Skráning stendur til kl: 13 þann 16.apríl

Verð fyrir aðstandendur er kr. 2200

**GRÓÐUR OG RÆKTUN 2007**

- 12.4 Jarðvegssýni voru tekin úr matjurtagörðum og send til greiningar í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.
- 23.4. Keypt var nýtt kartöfluútsæði - rauðar íslenskar. Það verður geymt við björt og hlý skilyrði á iðjubjálfunardeild.
- 26.4. Niðurstöður jarðvegssýna enduðu hjá Magnúsi Ágústssyni garðyrkjuráðunaut, sem ráðleggur okkur að bera brennisteinsduft á kartöflugarðana (10 kg./100 fm), því sýrustigið er of lágt í moldinni og það veldur kláða í kartöflunum. Einnig ráðleggur hann okkur að setja af blákorni 12 kg./100 fm. í kartöflu- og gulrófnagarð, en 16 kg./100 fm. fyrir gulrófur. Að lokum segir hann kalí vera lágt og gæti verið kostur að setja kalísúlfat í garðana í lok júní, um 5 kg./100 fm. Ofanefndur garðaáburður er kominn í hús og matjurtagarðarnir stungnir upp - losað um moldina.
- 8.5. Blákorni og brennisteinsdufti var blandað saman við jarðveg garðanna - eftir uppskrift ráðunautarins
- 11.5. Gulrótum sáð í nyrsta beðið í garðinum og breiddur dúkur yfir til að halda raka og hita sem sólskinsdagarnir undanfarið veittu, en fremur kalt hefur verið, hitinn mest 10-12° C. (Fréttakaflana 12.4. til 11.5. hér að framan skráði Hildur Þráinsdóttir, en hún hefur ásamt Finnbjörgu Skaftadóttur annast og séð um þær framkvæmdir sem greint er frá í köflunum).
- 21.5. Ákveðið hafði verið að setja niður kartöflur 21.5., en þótt veðrið reyndist ekki hagstætt, skúrur og hagléll, lét enginn það á sig fá og var undirbúningur hafinn af fullum krafti. Eins og að undanförunu kom hópur af krökkum úr Laugarnesskóla til þess að hjálpa til við kartöflusáninguna. Í hópnum voru rúmlega 20 krakkar, flestir á 10. aldursári. Margir þeirra höfðu komið áður og hjálpað til við garðræktina. "Margar hendur vinna létt verk". Á fáum mínútum voru kartöflur látnar í holurnar, sem Hildur hafði áður mótað í moldina. Rótað var yfir kartöflurnar og beðin sléttuð. Sett var niður í tvö vestustu beðin í garðinum og í lítinn reit við suðausturálmhu hússins. Að lokum var breiddur dúkur yfir beðin í garðinum. Að verki loknu var komið saman í garðskálanum og viðstöddum gefnir íspinnar. Hildur fræddi krakkana um aðalatriði kartöfluræktar og síðan fóru krakkarnir aftur í skólann sinn. Næstu daga var fremur kalt og úrkomusamt en vonandi hefur garðræktin ekki orðið fyrir tjóni, þótt kuldinn hljóti að valda seinkunn á öllum gróðri. Allur gróður var kominn vel af stað. Runnar og tré laufguð og grasfletirnir orðnir grænir. Hildur fylgdist vel með gróðrinum og einhvern daginn hlúði hún að rabarbaranum og sólberjaplöntunni og bar áburð, hrossatað, að rötunum.



- 31.5. Veðurspáin var á þessa leið: Hægviðri, léttskýjað og hlýtt. Nú var um að gera að nota góða veðrið, gróðursetja sumarblóm, grilla og borða úti. Snemma morguns voru áhugasamar konur komnar út og byrjaðar að gróðursetja, en veðurspáin rættist ekki alveg, snarpur sunnanvindur var á, en ekki lét fólkið það á sig fá, heldur hélt áætlan sinni óhikað. Lokið var gróðursetningu, grillaðir voru kjúklingar og borðað úti undir harmonikuleik Ólafs Ólafssonar, en svo hvasst var að erfitt reyndist að hemja dúka á borðum. Hraustlega var tekið til matar þar eð steikin bragðaðist afbragðs vel. Að lokinni sjúkrapjálfun bauð þjálfarinn karlinum út í sólskinið og ók honum um garðinn, sem kominn var í fullan sumarskrúða. Farið var fram hjá matjurtagarðinum og var ekki frítt við að hlakkaði í þeim gamla þegar hann sá að búið var að planta rófum í beðið, sem beið þeirra. Síðar um daginn var karlinn samferða Hildi iðjubjálfa að matjurtagarðinum. Hún ætlaði að snyrta og reyta arfa úr gulrótareitnum, sem hún og gerði. Nokkur athygli beindist að rófunum, sem voru komnar með myndarleg blöð. Hildur sagðist hafa fengið stund til að planta rófunum daginn sem sumarblómunum var plantað. Dúknun var lyft af kartöflubeðunum og kom þá í ljós að grös voru komin upp af öllu útsæðinu, voru þau falleg og þroskamikil. Eflaust hefur dúkurinn gert mikið gagn því að kalsaveður hefur verið lengst af síðan sett var niður. Verði sumarið hagstætt má búast við góðri uppskeru. Einnig virðist rífsið ætla að bera góðan ávöxt í ár. Eitthvað virðist þó vera að rífsinu. Sum blöðin hafa vafist saman og lokast, en önnur eru visnuð og skrælnuð og sum dottin af. Ekki er að sjá að neitt sé að berjunum. Þau virðast vera í fullum vexti. Eitthvað virðist einnig vera að sólberjaplöntunni. Efstu blöðin eru farin að vefja sig saman, en eru ekki orðin visin.
- 28.6. Nokkrar mínútur yfir kl.11.00 voru karlinn og Hildur Þráinsdóttir mætt með vatnsslöngu við matjurtagarðinn. Veður var bjart og hlýtt, en hægur norðanvindur og þannig var veðrið búið að vera undanfarna daga. Moldin í garðinum var orðin of þurr fyrir smæstu plönturnar, eftir allt sólskinið undanfarið og því aðkallandi að vökva. Karlinn hélt á slöngustútnum og úðaði yfir beðin, en Hildur réðst á rabarbarann og sleit upp stærstu leggina, sem voru orðnir hæfilega vaxnir til nýtingar. Úr garðinum fóru þau í suðurkrókinn við húsið, komu sér fyrir við borð og hófu að skera rabarbaraleggina niður í smá bita. Ein af vistkonum Sóltúns gekk í lið með þeim, svo að nú voru þrír, sem hjálpuðust að við verkið. Að því loknu var rabarbarakurlið vegið og reyndist vera 2,65 kg. Það vakti athygli þeirra sem að matjurtagarðinum komu að eitthvað var að rífsinu. Sum blöðin höfðu vafist saman og lokast og önnur voru visnuð og skrælnuð og sum dottin af. Berin virtust þó vera í góðu ástandi. Hildur fól karlinum að vökva meðan hún væri í sumarfrí.
- 16.7. Norðaustangola, hiti 15 gráður um miðjan daginn. Rósir á runnum farnar að fölna og rífsið lítur illa út. Allt lauf horfið af sumum greinunum og berin smá og óræktarleg. Grasfletina og nokkra runna vökvuðu konur 12.7. og 13.7., en óvíst er hvort matjurtabeðin voru vökvuð. Síðdegis þann 16. fannst karlinum að nú þyrfti að vökva garðinn. Hann var búinn að tryggja sér hjálp ungrar konu, sem gekk nú í lið með honum, en þegar verkið átti að hefjast, var ekki hægt að opna vatnskrannann, lykillinn var inni í læstu herbergi og þær sem höfðu lykjavöldin voru búnar með sína vakt og farnar.
- 17.7. Nú var viðhöfð fyrirbyggja, lykillinn sóttur í tæka tíð og kálbeðin vökvuð vandlega.
- 18.7. Snemma morguns var komin ausandi rigning, sem stytta fljótlega upp og var úrkomulaust til kvölds, en skýjað.